Ed. **675. Breytingartillögur**

við frv. til laga um verkamannabústaði.

Frá Jóni Þorlákssyni.

1. Við 3. gr. Síðari málsgrein orðist svo:

   Lán úr byggingarsjóði má veita gegn 1. veðrjetti í húsum, eða gegn 2. veðrjetti og uppfærslurjetti næst á eftir veðláni úr veðdeild Landsbankans eða opinberum sjóði, þó svo, að eigi komi hærri lán samtals út á húsið en 85% af kostnaðarverði þess. Til tryggingar lánum byggingarsjóðs skal vera veðrjettur í húseign í heild eða veðskuldabrjef fyrir hverja íbúð. Lánin ávaxtast og endurborgast með jöfnum árgreiðslum, 6% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.
2. Við 5. gr. 2. Á eftir »eldhúss og geymslu« komi: eigi hærri en tvíhæða.
3. Við 5. gr. 5. Aftan við 1. málslið bætist: eða byggingarfjelagið á sjálft.